

Einstaklingsherbergi með sameiginlegu baðherbergi

Nemendur geta óskað eftir einstaklingsherbergi með sameiginlegu baðherbergi. Þá er nemendum af sama kyni raðað saman í íbúðir með tveimur eða þremur svefnherbergjum og deila þeir þá leiguupphæð íbúðarinnar á milli sín. Leigjendur geta kynnt sér þessar íbúðagerðir á heimasíðu nemendagarðanna. Vakin er athygli á því að húsgögn fylgja ekki þessum íbúðum en ísskápur er til staðar.

Bent er á að ekki er alltaf hægt að púsla fólki saman inn í íbúðir og því gæti verið nauðsynlegt að setja þá sem óska eftir einstaklingsherbergi m/sameiginlegu baðherbergi inn í herbergi með sér baðherbergi.